

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 16. september 1998

um sameiginlega tækniforskrift fyrir færanlegar gervihnattajarðstöðvar (LMES) á landi með litlum gagnasendingahraða fyrir tíðnisviðin 1,5/1,6 GHz(*)

(tilkynnt með númeri C(1998) 2724)

(98/578/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/13/EB frá 12. febrúar 1998 um endabúnað til fjarskipta og búnað fyrir gervihnattajarðstöðvar og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ⁽¹⁾, einkum öðrum undirlið 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvæði um það fyrir hvaða gerð endabúnaðar sé krafist sameiginlegrar tækniforskriftar, svo og tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið samkvæmt fyrsta undirlið 2. mgr. 7. gr.

Samþykkja ber samsvarandi samhæfða staðla, eða hluta þeirra, til framkvæmdar grunnkröfunum sem breyta á í sameiginlegar tækniforskriftir.

Til að tryggja órofinn aðgang að mörkuðum fyrir framleiðendur er nauðsynlegt að heimila bráðabirgðafyrirkomulag um búnað sem er viðurkenndur samkvæmt innlendum gerðarviðurkenningarreglugerðum.

Tillagan hefur verið lögð fyrir samþykkisnefnd endabúnaðar (ACTE), samkvæmt 2. mgr. 29. gr.

Sameiginlega tækniforskriftin, sem samþykkt er í þessari ákvörðun, er í samræmi við álit samþykkisnefndar endabúnaðar (ACTE).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi ákvörðun gildir um endabúnað sem er ætlaður til tengingar við almennt fjarskiptanet og fellur undir gildissvið samhæfða staðalsins sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 278, 15.10.1998, bls. 46, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB L 74, 12. 3. 1998, bls. 1.

2. Með þessari ákvörðun er mælt fyrir um sameiginlega tækniforskrift fyrir færanlegar gervihnattajarðstöðvar (LMES) á landi með litlum gagnasendingarhraða fyrir tíðnisviðin 1,5/1,6 GHz.

2. gr.

1. Sameiginlega tækniforskriftin tekur til samhæfða staðalsins sem hlutaðeigandi staðlastofnun hefur samið til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í 17. gr. tilskipunar 98/13/EB, að því marki sem við á. Tilvísun í staðallinn er að finna í I. viðauka.

2. Búnaður fyrir gervihnattajarðstöðvar, sem fellur undir þessa ákvörðun, skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfurnar sem um getur í a- og b-lið 5. gr. tilskipunar 98/13/EB og uppfylla kröfur allra annarra gildandi tilskipana, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE ⁽²⁾ og 89/336/EBE ⁽³⁾.

3. Tafla A í II. viðauka tilgreinir viðmiðunarmörk óæskilegra útsendinga yfir 1 000 MHz og utan tíðnisviðanna 1 626,5 MHz til 1 645,5 MHz og 1 656,6 MHz til 1 660,5 MHz sem gilda til 1. júní 2002. Tafla B í II. viðauka tilgreinir þau viðmiðunarmörk sem gilda frá og með 1. júní 2002.

3. gr.

Tilkynntir aðilar, sem eru tilnefndir til að koma í framkvæmd málsmeðferðinni sem um getur í 10. gr. tilskipunar 98/13/EB, skulu, að því er varðar búnað fyrir gervihnattajarðstöðvar sem 1. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar tekur til, beita eða tryggja beitingu á samhæfða staðlinum, sem um getur í viðaukanum, eftir birtingu þessarar ákvörðunar.

(2) Stjtið. EB L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.

(3) Stjtið. EB L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

4. gr.

1. Innlendar gerðarviðurkenningarreglugerðir, sem taka til búnaðar innan gildissviðs samhæfða staðalsins sem um getur í viðaukanum, falli úr gildi frá og með 3 mánuðum eftir samþykkt þessarar ákvörðunar.

2. Halda má áfram að setja á innlendan markað og taka í notkun búnað fyrir gervihnattajarðstöðvar sem viðurkenndur hefur verið samkvæmt slíkum innlendum gerðarviðurkenningarreglugerðum.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. september 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

*I. VIÐAUKI***Tilvísun í gildandi samhæfðan staðal**

Samhæfði staðallinn, sem vísað er til í 2. gr. ákvörðunarinnar, er:

Satellite earth stations and systems (SES);
Low data rate land mobile satellite earth stations (LMES) operating in the 1,5/1,6 GHz frequency bands
(Gervihnattajarðstöðvar og -kerfi (SES);
Færanlegar gervihnattajarðstöðvar (LMES) á landi með litlum gagnasendingahraða fyrir tíðnisviðin
1,5/1,6 GHz)

ETSI

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu

Aðalskrifstofa ETSI

TBR 26: maí 1998

(að undanskildum formála)

Viðbótarupplýsingar

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EBE ⁽¹⁾.

Samhæfði staðallinn, sem vísað er til hér að framan, er saminn samkvæmt umboði sem gefið er út í samræmi við viðeigandi málsmeðferðarreglur tilskipunar 83/189/EBE.

Unnt er að fá orðrétta texta framangreinds samhæfðs staðals með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu,
650, Route des Lucioles,
F-06921 Sophia Antipolis Cedex

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna,
DG XIII/A/2 — (BU 31, 1/7)
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B-1049 Bruxelles/Brussel

eða einhverrar annarrar stofnunar sem annast afhendingu ETSI-staðla en skrá yfir þær stofnanir má finna á Netinu á slóðinni www.ispo.cec.be.

⁽¹⁾ Stj. E. EB L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.

II. VIÐAUKI

TAFLA A

Viðmiðunarmörk óæskilegra útsendinga yfir 1 000 MHz og utan tíðnisviðanna 1 626,5 MHz til 1 645,5 MHz og 1 656,6 MHz til 1 660,5 MHz sem gilda fyrir 1. júní 2002

Tíðnisvið (MHz)	Kveikt á burðarbylgju		Slökkt á burðarbylgju	
	EIRP-viðmiðunarmörk (dBpW)	Mælitíðnisvið (kHz)	EIRP-viðmiðunarmörk (dBpW)	Mælitíðnisvið (kHz)
1 000 til 1 525	49	100	48	100
1 525 til 1 559	49	100	17	3
1 559 til 1 600	49	100	48	100
1 600 til 1 626	74	100	48	100
1 626 til 1 626,5	84	3	48	100
1 645,5 til 1 645,6	104	3	57	3
1 645,6 til 1 646,1	84	3	57	3
1 646,1 til 1 655,9	74	3	57	3
1 655,9 til 1 656,4	84	3	57	3
1 656,4 til 1 656,5	104	3	57	3
1 660,5 til 1 661	84	3	48	100
1 661 til 1 690	74	100	48	100
1 690 til 3 400	49 (aths. 2)	100	48	100
3 400 til 10 700	55 (aths. 3)	100	48	100
10 700 til 21 200	61	100	54	100
21 200 til 40 000	67	100	60	100

Aths. 1 Lægri viðmiðunarmörkin skulu gilda við millibilstíðnirnar.

Aths. 2 Á tíðnisviðinu 3 253,0 til 3 321,0 MHz skal hámarks EIRP (jafngilt hringstefnuútgæislað afl) á einu, og aðeins einu, 100 kHz mælitíðnisviði ekki vera meira en 82 dBpW. Annars staðar á þessu tíðnisviði skal beita aflviðmiðunarmörkunum í þessari töflu.

Aths. 3 Á hverju tíðnisviðanna 4 879,5 MHz til 4 981,5 MHz, 6 506,0 MHz til 6 642,0 MHz og 8 132,5 MHz til 8 302,5 MHz skal hámarks EIRP á einu, og aðeins einu, 100 kHz mælitíðnisviði ekki vera meira en 72 dBpW. Á tíðnisviðinu 9 759,0 MHz til 9 963,0 MHz skal hámarksafl á einu, og aðeins einu, 100 kHz mælitíðnisviði ekki vera meira en 61 dBpW. Annars staðar á þessu tíðnisviði skal beita aflviðmiðunarmörkunum í þessari töflu.

TAFLA B

Viðmiðunarmörk óæskilegra útsendinga yfir 1 000 MHz og utan tíðnisviðanna 1 626,5 MHz til 1 645,5 MHz og 1 656,6 MHz til 1 660,5 MHz sem gilda frá og með 1. júní 2002

Tíðnisvið (MHz)	Kveikt á burðarbylgju á		Slökkt á burðarbylgju	
	EIRP-viðmiðunarmörk (dBpW)	Mælitíðnisvið (kHz)	EIRP-viðmiðunarmörk (dBpW)	Mælitíðnisvið (kHz)
1 000 til 1 525	49	100	48	100
1 525 til 1 559	49	100	17	3
1 559 til 1 580,42	50	1 000	50	1 000
1 580,42 til 1 605,0	50	1 000	50	1 000
1 605,0 til 1 610,0	(aths. 4)	100	(aths. 5)	100
1 610,0 til 1 626,0	74	100	48	100
1 626 til 1 626,5	84	3	48	100
1 645,5 til 1 645,6	104	3	57	3
1 645,6 til 1 646,1	84	3	57	3
1 646,1 til 1 655,9	74	3	57	3
1 655,9 til 1 656,4	84	3	57	3
1 656,4 til 1 656,5	104	3	57	3
1 660,5 til 1 661	84	3	48	100
1 661 til 1 690	74	100	48	100
1 690 til 3 400	49 (aths. 2)	100	48	100
3 400 til 10 700	55 (aths. 3)	100	48	100
10 700 til 21 200	61	100	54	100
21 200 til 40 000	67	100	60	100

Aths. 1 Lægri viðmiðunarmörkin skulu gilda við millibilstíðnirnar.

Aths. 2 Á tíðnisviðinu 3 253,0 MHz til 3 321,0 MHz skal hámarks EIRP (jafngilt hringstefnuútgæislað afl) á einu, og aðeins einu, 100 kHz mælitíðnisviði ekki vera meira en 82 dBpW. Annars staðar á þessu tíðnisviði skal beita aflviðmiðunarmörkum þessarar töflu.

Aths. 3 Á hverju tíðnisviðanna 4 879,5 MHz til 4 981,5 MHz, 6 506,0 MHz til 6 642,0 MHz og 8 132,5 MHz til 8 302,5 MHz skal hámarks EIRP á einu, og aðeins einu, 100 kHz mælitíðnisviði ekki vera meira en 72 dBpW. Á bandinu 9 759,0 MHz til 9 963,0 MHz skal hámarksafli á einu, og aðeins einu, 100 kHz mælitíðnisviði ekki vera meira en 61 dBpW. Annars staðar á þessu tíðnisviði skal beita aflviðmiðunarmörkunum í þessari töflu.

Aths. 4 Línuleg brúun frá 40 dBpW á 100 kHz við 1 605,0 MHz til 74 dBpW á 100 kHz við 1 610,0 MHz.

Aths. 5 Línuleg brúun frá 40 dBpW á 100 kHz við 1 605,0 MHz til 48 dBpW á 100 kHz við 1 610,0 MHz.